

Fréttabréf Krílakots og Kátakots

September 2014

Komið sæl

Ég vona að sumarið hafi verið ykkur ánægjulegt. Nú er starfið að komast í fullan gang hjá okkur í leikskólunum en við erum að stilla saman strengi svo veturinn megi verða faglegur og góður í alla staði. Eitt af markmiðum okkar er að Krílakot og Kátakot starfi sem ein heild og höfum við verið að sameina ýmis vinnubrögð, námskrár, starfsáætlanir og fleira. Fréttabréfið er eitt af því sem verður sameiginlegt hjá okkur nú í vetur.

Fréttabréf mun koma út í hverjum mánuði auk þess sem hver deildarstjóri mun setja mánaðarskrá inn á heimasíðuna svo þið getið fylgst vel með. Hver deild mun setja inn myndir reglulega auk þess sem við skellum inn fréttum annað slagið á heimasíðuna. Lykilorð eru inn á myndasíðurnar og munu foreldrar fá sent lykilorð á næstu dögum.

Skóladagatal er komið inn á heimasíðuna og hvet ég ykkur til að kynna ykkur vel starfið og sérstaklega þá daga sem leikskólinn lokar 12:15 og er lokaður allan daginn vegna funda og skipulagsdaga.

Börnin sem fluttu í ágúst frá Krílakoti í Kátakot eru orðin örugg í sínu umhverfi og þekkja og treysta kennurum sínum. Á öftustu síðu er smá fréttaskot frá Kátakoti.

Aðlögun er í fullum gangi í Krílakoti og eru börnin við það að taka okkur í sátt. Það tekur alltaf smá tíma að kynnast nýju fólki og nýju umhverfi sem gefur að skilja en sem betur fer, allra vegna, endar þetta með því að öll dýrin í skóginum verða vinir.

Fréttabréfið er í mótun þ.e. við erum að finna út hvernig best er að haga því svo upplýsingar verði skýrar og skilmerkilegar fyrir foreldra barna í báðum skólum, það mun því taka einhverjum breytingum í vetur.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólalastjóri.

Starfsmannahald

2014-2015

Skýjaborg—12 börn:

Arna, deildarstjóri
Gunná
Elva Ósk
Herdís

Skakkaland 19 börn:

Katrín Sif, deildarstjóri
Anna
Sylwia
Júlíana
Ásdís

Hólakot: 20 börn

Anna Lauga, deildarstjóri
Inga Siddý
Sigrún Ingibjörg
Dóra
Sívía

Mánakot: 20 börn

Ágústa, deildarstjóri
Pálína
Kristín
Einar Sigurgeir

Sólkot: 25 börn

María, deildarstjóri
Emmi
Dóra
Elsa Austfjörð

Eldhús og miðja


Halldóra matráður Krílakoti
Margrét Lára aðstoðarmatráður Krílakoti
Pura, sérkennsla í Kátakoti
Ása, starfsmaður í eldhúsi Kátakoti
Drífa, leikskólalastjóri
Ágústa, aðstoðarleikskólalastjóri.
Sigrún Björk flakkar í Krílakoti.



Grænfáninn

Í vetur ætlum við í Krílakoti að læra um dýrin, hvaða maturinn kemur, vatnið og hvaðan það kemur í kranann, hvað er hollt og hvað óhollt, mikilvægi hreinlætis og fleira. Í Mánakoti ætlum við að læra um Jóhann Svarfdæling og gamla tímarn. Í Sólkoti ætlum við að læra um Dalvíkurskjálftann, áhrif hans, náttúrfræði og viðbrögð við jarðskjálftum.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Grænfáninn

Öll börn í árgangi 2009 munu fá poka að gjöf frá foreldrafélaginu undir óhreinan fatnað til að ferðast með milli heimilis og skóla. Einnig öll ný börn í báðum skólum.

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Vinum saman að því að byggja upp einstaklinga með tilliti til þarfa þeirra, við erum jú misjöfn eins og við erum mörg.

Foreldrafundur leikskólanna í september 2014

Ég vil þakka góða fundi en til upplýsinga fyrir þá sem ekki sáu sér fært að vera með okkur koma hér smá upplýsingar er varðar fataherbergi leikskólanna. Reglurnar eru mjög svipaðar.

Um gengisreglur í fataherbergjum í Krílakoti: til að tryggja að öll börn hafi hreinan fatnað í upphafi skóladags. Ákveðið var að allir foreldrar fara yfir hólf barnanna á hverjum degi, fara heim með það sem þarf að þurrkta, þvo eða skola en setja það sem hreint er og má nota aftur í/eða ofan á töskurnar í efri hillu hólfins. Þannig að í lok dags hangi engin flík né laus fatnaður liggja í hillunni. Skór og stígvél mega vera á sínum stað á gólfinu, séu þeir þurrir og hreindir. Hólfín eru svo tæmd á föstudögum eins og áður. Að morgni dags er síðan æskilegt að foreldrar komi með þurran fatnað og taki uppúr töskunum og hengi eða leggi í hilluna það sem nota skal yfir daginn.

Um gengisreglur í fataherbergjum í Kátakoti: til að tryggja að öll börn hafi hreinan og þurran fatnað í upphafi skóladags. Foreldrar þurfa að fara yfir fatnað barnanna daglega, taka blautan og óhreinan fatnað heim eftir daginn og koma með þurr og hrein fót daginn eftir. Í upphafi dags eru foreldrar hvattir til að hafa fatnað barnanna á snögum en ekki ofan í töskum barnanna. Það gefur þeim tækifæri til að bjarga sér sjálf að sækja viðeigandi fatnað til útiveru, flýttir fyrir og veitir aukið sjálfstraust.

Til umhugsunar:

Þegar 20-40 gallar eru saman komnir á litlu svæði, gluggar lokaðir yfir nóttina og myndast raki í lofti þorna fötin ekki yfir nótt.

Við byðjum foreldra að virða þær reglur sem settar eru í fataherbergjum leikskólann.

Annað sem koma fram á fundinum

Farið var yfir helstu verkefni komandi skólaárs.

Heimasíða skólanna er orðin sameiginleg og eru foreldrar hvattir til að kynna sér hana.

Teikning af viðbyggingu við Krílakot var kynnt fyrir foreldrum.

Ákveðið var að fá kynningu á heilsustefnu fyrir kennarar og foreldra og í kjölfarið taka ákvörðun um hvort það er eitthvað sem við teljum henta leikskólunum.



Tónar eiga töframál

Við bendum líka á heimasíðu

<http://bor>

nogtonlist.net/

sem hefur að geyma marga þá söngva sem við syngjum með börnunum. Þar er að finna texta af mörgum þeim söngvum og einnig er stundum hægt að sjá myndskreið.

Við hvetjum foreldra til að kíkja á síðuna og jafnvel með börnunum því þau hafa virkilega gaman að því að horfa á myndskreiðin þar sem



Matseðlar

Samstarf er milli Við höfnina og matráðar í Krílakoti. Nú er á báðum stöðum 6 vikna matseðill. Þó matseðlarnir séu ekki eins, þá er kjöt og fiskur á sömu dögum og svo léttur hádegisverður.

Frá Mentor.is—Námfús

Nú er á döfinni að færa okkur frá Mentor.is—Námfús

Inni á mentor getið þið séð upplýsingar um barnið ykkar, nöfn foreldra, heimilisföng og símanúmer. Sé eitthvað af þeim upplýsingum rangar er mikilvægt að þið sendið okkur réttar upplýsingar svo við getum lagfært þær.

Í mentor getið þið einnig séð lista yfir barnahópin ef þið þurfið að ná til annarra foreldra.



Foreldraráð 2014-2015

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)
Karl (Brijet Þóra)

Gísli Rúnar (Alexandra og Rakel Erla)

Sunna (úlfur og Álfgrímur)

Myriam (Lea)

Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2012-2013

Harpa (Barri)

Katla (Anton Andri og Arnór Atli)

Guðríður (Hákon Bragi)

Júlíana (Einar)

Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Læsi—söguskjóður

Söguskjóðurnar okkar bíða nú eftir að heimsækja börnin heim. Við erum að skipuleggja hvernig best er að haga útláni þannig að sem flestir geti fengið poka heim sem vilja.

Kátakot ætlar að byrja að lána skjóðurnar út á næstu dögum og verður það auglýst nánar. Krílakot fylgir fljótlega á eftir.

Jafnrétti

Í fyrra vetur var unnið með jafnrétti í leikskólunum. Starfsfólk skólanna skoðaði þann efnivið sem boðið er uppá í skólunum, rýndu í bækur út frá jafnréttissjónarmiðum sem var áhugavert.

Að setja gleraugun á nefið er mikilvægt, eykur víðsýni og sýn starfsfólks á námsefni og starfið í heils sinni. Í lok verkefnis var lögð fram Jafnréttisáætlun og hvetjum við ykkur til að kynna ykkur hana á heimasíðu skólans.

Fréttaskot frá Kátakoti

Hópastarfið verður mánudaga til miðvikudaga á Mánakoti og þriðjudaga til fimmtudaga á Sólkoti og munum við byrja hópastarfið svona um 8:30 eða strax eftir morgunmat. Í Mánakoti verða 21 barn í vetur og verða þau í þremur hópum. Í sólkoti verða 24 börn og verða þau líka í þremur hópum.

Börnin í Sólkoti eru byrjuð í sundi og eru þau á mánudögum og fimmtudögum, hópa-skipting var send heim um daginn endilega látið okkur vita ef eitthvað er óskýrt.

Ömmu og afa kaffi í Mánakoti verður 30. september. Ef amma og afa komast ekki mega frændi, frænka eða mamma og pabbi koma.

Smá breyting verður á afmæli barnanna. Haldið verður upp á afmælin á afmælisdegi barnanna. Afmælisbarnið fær að draga fána að húni, búa sér til kórónu, þjónn dagsins og býður ávextina. Við kveikjum á kertum, jafn mörgum aldursárunum og barnið fær að blása, afmælisöngurinn er sunginn og dagurinn gerður hátíðlegur fyrir barnið. Ef afmælisdaginn ber upp á helgi eða annan frídag verður haldið upp á það daginn fyrir eða eftir téða frídaga.

Endilega komið og spjallið við mig ef eitthvað er.

Ágústa Kristín Bjarnadóttir

Aðstoðarleikskólastjóri

Bílastæði

Bílastæðin eru lítil svo við þurfum að vanda okkur við að leggja og nýta stæðin sem best. Við minnum foreldra á að drepa á bílunum og að öryggisbúnaður fyrir börn skal vera samkvæmt reglugerðum.

Merkingar á fatnaði

Þar sem margir eru með eins flísfatnað, gúmískó, stígvél, ullar-sokka, vettlinga, pollavettlinga og pollagalla, vetrargalla og buff er alveg nauðsynlegt að merkja allan þennan fatnað mjög vel svo ekki ruglist á milli barna og fatnaður rati til síns heima.

Dagur læsis í Krílakoti og Kátakoti

8. september er dagur læsis, Þá ætla börn og starfsfólk að hafa söngfund á útisvæði í báðum skólum í tilefni dagsins. Einnig verða lesnar sögur og bækur í samverustundum og margt fleira fléttað inn í starfið tengt læsi.



Dagur náttúrunnar Kátakot

16. september er dagur náttúrunnar og munum við halda daginn hátíðlegan og flétta inn í starfið. t.d. mun útikennslan tengjast náttúrunni og aðrir hópar fara einnig í gönguferðir eftir hópastarf.

Dagur náttúrunnar Krílakot

Börnin ætla að velja sér tré í nágrenninu og munum við fylgjast með því næstu árin, stærð, lögun, litum eftir árstíðum og fleira.